

Lög

um

veiting ríkisborgararjettar.

15
27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Ríkisborgararjettur veitist prestinum Jóhanni Martin Meulenberg í
Landakoti í Reykjavík, sem fæddur er í Þýzkalandi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

um

breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

16
27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

16
27. júní

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða árlegt gjald í bæjarsjóð, sem nefnist lóðargjald. Bæjarstjórnin ákveður upphæð lóðargjaldsins fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Þó má eigi ákveða gjaldið lægra en 1% og eigi herra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða, og eigi lægra en ½% og eigi herra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestulanda og matjurtagarða. Gjaldið má þó aldrei vera minna en 2 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mannvirkja þeirra, sem á þeim hafa verið gerð.

Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess er reglulegt fasteignamat fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af hinn lögskipuðu fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd kaupstaðarins, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignarnefnd, eftir því sem við á, hve mikið af verðinu er innifalið í mannvirkjum, eða hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþykta af bæjarstjórn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði um lóðargjald af bygðri og óbygðri lóð í 18. gr. laga 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Aureyri.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.